



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið

NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLINU:

Aðalnámskrá tónlistarskóla - almennur hluti

Nr. S-160/2024 í samráðsgátt stjórnvalda

Desember 2024

Efnisyfirlit

1. Fyrirkomulag.....	3
2. Málefni.....	3
3. Þátttaka.....	3
4. Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim.....	4
4.1 Yfirlit yfir umsagnir.....	4
4.2 Álitaefni í umsögnum.....	4
5. Viðbrögð við umsögnum og næstu skref.....	4

1. Fyrirkomulag

Drög að almennum hluta aðalnámskrá tónlistarskóla voru birt í samráðsgátt stjórnvalda og hefur vinnsla málsins verið sem hér segir:

Slóð á mál nr. S-160/2024:	https://island.is/samradsgatt/mal/3799
Umsagnarfrestur:	20.8.–11.10.2024
Birting umsagna:	Umsagnir birtar jafnóðum.

Í almennri kynningu málsins kemur fram að niðurstöður samráðsins verði birtar þegar unnið hafi verið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem berast.

2. Málefni

Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, taka til tónlistarskóla sem reknir eru af sveitarfélögum og annarra sem njóta styrks samkvæmt lögnum. Í lögnum er m.a. kveðið á um að tónlistarskólar skuli kenna eftir námskrá sem gefin er út af mennta og barnamálaráðuneyti. Núverandi aðalnámskrá tónlistarskóla er gefin út í tíu heftum og skiptist í almennan hluta aðalnámskrá og níu sérstaka greinahluta.

Vinnan við breytingar á almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskólanna á sér nokkurn aðdraganda. Haustið 2024 tók mennta- og barnamálaráðuneyti þátt í svæðahaustþingum tónlistarskóla, þar sem m.a. var umræða um framkvæmd aðalnámskrárinnar og hverju væri helst þörf á að breyta. Skipuð var nefnd hagsmunaaðila til að standa að endurskoðuninni og var fyrsta verk hennar að leggja til brýnar breytingar sem þyrfti að gera nú þegar í anda niðurstöðu samráðsins, áður en haldið væri áfram með heildarendurskoðun. Tillagan sem hér er lögð til samráðs endurspeglar þessar brýnu í breytingar.

Í endurskoðuðum drögum að nýjum almennum hluta aðalnámskrárinnar, sem hér er kynntur almenningi til umsagnar eftir samráð, er m.a. gerð grein fyrir hlutverki og meginmarkmiðum tónlistarskóla, skipan tónlistarnáms, greinanámskrám og skólanámskrám, fjallað um kennslu og kennsluhætti, þætti í hljóðfæra- og tónfræðinámi, námsmat og próf, tengsl heimila og skóla og samvinnu í skólastarfi. Breytingar snúa að almennum hluta aðalnámskrárinnar, að hún sé uppfærð í takt við aðrar gildandi aðalnámskrár og fyrirkomulagi áfangaprófa þar sem áhersla er lögð á ábyrgð skóla og val nemenda.

3. Þátttaka

Vakin var athygli fjölda hagsmunaaðila á birtingu í samráðsgátt með tölvupóstum og með öðrum hætti. Alls bárust 23 umsagnir sem skiptast þannig:

Einstaklingar:	20
Lögaðilar:	3
Samtals:	23

4. Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim

4.1 Yfirlit yfir umsagnir

Athugasemdir voru gerðar við atriði í ýmsum köflum, líka þeim köflum aðalnámskrár sem sem ekki voru í endurskoðun að þessu sinni.

Almennt var mikil ánægja með að endurskoðun skuli vera hafin og eftirvænting varðandi áframhaldandi endurskoðun.

4.2 Álitaefni í umsögnum

Breytingar er snúa að færslu tækniþátts til skólanna mæltist vel fyrir en margir töldu að æfingarþátturinn ætti að fylgja með og því flytjast milli prófhluta.

Fjölbreyttari valmöguleikar prófþátta mæltust vel fyrir þó einhverjir hafi bent á flækjustig sem því getur fylgt.

Einnig þykir textinn óskýr og mótsagnakenndur, en ástæða þess er m.a. að endurskoðunin tekur til ákveðins hluta sem hafa ekki verið uppfærðir annars staðar.

Það eru nokkrir sem leggja til að taka eigi út aldursviðmið og þrönga skilgreiningu á lengd námsáfangna.

Gerð var athugasemd sem snýr að mikilli áherslu á stigskiptingu, þröng markmið og kröfur o.s.frv. Það sé útilokandi og stuðli ekki að inngildingum og jöfnuði. Mótsögn sé milli þessa og áherslu á sveigjanleika og einstaklingsmiðun.

Sumum telja að ekki sé nógu langt gengið, meira mið þurfi að taka af breyttu samfélagi, nýjum samfélagslegum þörfum, hraðri tækniþróun o.s.frv.

Úr ólíkum áttum kom kall eftir því að tónlistarnámið væri opnara þvert á tónlistarstíla, nemendum sé ekki gert að velja á milli strax í upphafi náms eða mjög snemma. Einnig að horfa þurfi til nýrra námsleiða til að efla fjölbreytni í námsframboði.

Aukin áhersla á sjálfstæði skóla fellur í góðan jarðveg.

Prófaþátturinn hefur verið mjög ríkjandi sem námsmatsþáttur í tónlistarnámi og það hefur verið mjög áberandi í námskránni frá upphafi.

Sumar athugasemda eiga ekki við, öðrum er auðvelt að bregðast við en stundum er hægt að fara bil beggja. Aðrar eru flóknari m.a. þar sem skoðanir eru nokkuð tvískiptar innan sömu athugasemdar. Þar ber sérstaklega að nefna námsmatsþáttinn: Vægi og útfærsla prófa, námsmats í tölum eða staðið fallið, utanaðkomandi prófdómara eða ekki, prófanefnd og hlutverk hennar og sjálfstæði skóla til að bera ábyrgð á framkvæmd prófa og námsmati.

5. Viðbrögð við umsögnum og næstu skref

Talið var rétt í þessu tilviki að bregðast við umsögnum með þeim hætti að ráðuneyti tæki til skoðunar kaflann í heild sinni og legði drögin að nýju í samráðsgátt. Dæmi um breytingar þar sem brugðist var við umsögnum:

- Bætt var við umfjöllun um leiðsagnarmat og leiðsagnarnám inn í námsmatskaflann í viðleitni til að hafa meira jafnvægi í námsmatsumfjölluninni.

- Orðalag í eldri námskránni er að mörgu leyti tímanna tákni og ekki alltaf í takt við samtíma áherslur. Orðalag var uppfært og aðlagð að breyttum tímum.
- Bornir voru saman kaflar annara hluta aðalnámskrár til að draga úr mótsögnum og sömuleiðis að gera textann skýrari s.s. útfærslu áfangaprófanna sem eru komin með fjölbreyttari útfærslur.
- Bætt inn hugtökum sem tengjast gildum, inngildingu, samfélagslegu hlutverki o.fl.
- Nýjum stuttum kafla um þverfagleika og nýsköpun námsleiða bætt við til að opna fyrir hugmyndir tónlistarskólafólks á möguleika þess að stofa nýjar námsleiðir; inngildandi námsleiðum, námsleiðum sem svara kalli eftir námi þvert á tónlistartegundir og tæknitengdum námsleiðum sem dæmi.
- Umfjöllun um leiðsagnarmat, leiðsagnarnám, hæfni, námshæfni, sjálfsmat og jafningjamat bætt við námsmatskaflann.
- Texti skýrður á völdum stöðum, sérstaklega sem tengist breytingunum og hugað að orðalagi.
- Bætt við texta í inngang og kafla um hlutverk og meginmarkmið,
- Bætt við umfjöllun um aðbúnað og húsnæði í viðauka.

Dæmi um breytingar:

- Grunnpróf á ábyrgð skólanna
- Aldursviðmið tekin út
- Lengd námsáfangna tekin út
- Æfing orðin hluti tækniprófs
- Val um prófgerð á framhaldsprófi (próf eða tónleikar)
- Málsgrein um trommusett tekin út
- Nýr en stuttur kafli um þverfagleika og nýsköpun námsleiða
- Nýr texti um leiðsagnarmat og -nám